

2. fundur Hafnarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 24. ágúst 2011 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Tryggvi Ársælfsson (TÁ), Magnús Kr. Guðjónsson (MKrG), Jóna Sigurveinsdóttir (JS), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS),

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, hafnarstjóri.

Dagskrá:

1. 1108053 - Siglingastofnun útboð á Tálknafjörður, gamla bryggja endurbygging stálpils

Fyrir fundinum liggur bréf Siglingastofnunar dagsett 22.ágúst 2011 er varðar útboð á endurbyggingu gömlu bryggju. Siglingastofnun hefur yfirfarið þau tilboð sem bárust í verkið, en þau eru frá eftirtöldum verktökum.

1. Íslenska Gámafélagið ehf. Reykjavík kr. 59.936.560.- 90,6%
2. Ísar ehf. Reykjavík kr. 61.090.450.- 92,4%
3. Seljuskógar ehf. Reykjavík kr. 62.411.000.- 94,4%
4. Geirnaglinn ehf. Ísafirði 119,4%

Kostnaðaráætlun hönnuða kr. 66.122.940.- 100%

Siglingastofnun leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, Íslenska Gámafélagið ehf.

Hafnarstjórn samþykkir að gengið verði til samninga við Íslenska Gámafélagið ehf. Samþykkt samhljóða.

2. 1103022 - Stálpil frá ÍAV

Hafnarstjóri (EIS) sendi tölvupóst til hafnarstjórnar 8.mars 2011 þess efnis að óska eftir samþykki hafnarstjórnar á kaupum á stálpili frá ÍAV að fjárhæð kr.

12.567.489.- Fyrir fundinn var lagður samningur vegna flutnings á stálpili kr. 2.763.027.- Tekið skal fram að kostnaðarpátttaka ríkissjóðs er 60%.

Hafnarstjórn samþykkti í tölvupóstskeytum í mars kaup á stálpili og staðfestir hér með þá ákvörðun. Samþykkt samhljóða.

3. 1103027 - Önnur mál

Hafnarverði (ÁJ) er falið að saga rás fyrir niðurfall á nýju bryggju við löndunarkrana, ásamt því að gera við steypuskemmdir í aðkeyrslu að nýju bryggju. Hafnarstjórn fór í vettvangsferð á hafnarsvæðið. Ganga þarf í að fríholta nýju bryggju áður en framkvæmdir hefjast við þá gömlu. Samþykkt samhljóða.

Hafnarstjóri (EIS) kynnti komandi Hafnafund sem haldinn verður þann 16.september n.k. í Reykjavík. Formaður hafnarstjórnar og hafnarvörður hafa kost á að sækja fundinn f.h. Tálknafjarðahafnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____